

Verðtrygging á íslenskum námslánnum ólögleg í Danmörku

Íslendingur, búsettur í Danmörku var rukkaður um afborgun af íslensku námsláni. Þar sem afborgunin var ekki greidd á gjaldaga var krafan send til milliinnheimtu hjá Motus, sem sendi kröfuna áfram til systurfélagsins Intrum í Danmörku. Þar var krafan umreiknuð í danskar krónur, en greiðandinn kannaðist ekki við að skulda LÍN neina kröfu í dönskum krónum. Endaði krafan fyrir héraðsdóm í Danmörku (með úrskurði 26. sept. 2012) þar sem Íslendingurinn var sýknaður af kröfum LÍN þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að skuldabréfið væri samið á íslensku, undirritað á Íslandi, lántaki hafi verið búsettur á Íslandi við undirskrift skuldabréfsins og höfuðstóll skuldabréfsins uppgefinn í íslenskum krónum.

Byggt á veikum grunni

Rétturinn kemst því næst að þeirri niðurstöðu að skuldabréfið hafi nánustu tengsl við Ísland þar sem skilyrði skuldabréfsins vísi í íslensk lög. Þar sem rétturinn getur ekki tekið afstöðu samkvæmt íslenskum lögum og þar sem grunnurinn fyrir afborgunum sé byggðar á svo veikum grunni að LÍN geti ekki fengið neitt af eftirfarandi skilyrðum samþykkt.

Rétturinn sér ekkert samhengi á milli skuldabréfsins föstu afborgana og þess síðasta opinbera gengis íslensku krónunnar. LÍN geti ekki sýnt fram á hver sé greiðslubyrði lánsins samkvæmt ákvæðum um verðtryggingu.

Varnaraðili er því sýknaður.

Brytur LÍN landslög?

Frá 1. nóvember 2007 hefur vísitala neysliverðs hækkað um 43,7% frá upptöku laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, svokallaðar MiFID reglur. Verður því að leiðrétta öll verðtryggð námslán sem seld hafa verið námsmönnum sem því nemur. Námsmenn hafa engar forsendur til að meta þá áhættu, sem fylgir verðtryggðum námslánnum og ætla Hægri grænir, flokkur fólksins að berjast fyrir fullri leiðréttingu á þessum verðtryggðu afleiðusamningum þ.e. öllum virkum útgefnum námslánnum.

Ólögleg viðmiðun

Ólögleg gengisviðmiðun LÍN rúkkar lánþega sem búsettir eru erlendis um launatengda árlega greiðslu, miðar sjóðurinn við laun viðkomandi í erlendum gjaldmiðli og endurreiknar svo yfir í íslenskar krónur. Það er samkvæmt úrskurði Hæstaréttar ólögleg gengistrygging, því hverskonar tenging krónulána eða gengistrygging greiðslna af krónulánum er ólögleg. Í lögum er tekið fram að sá sem tekur lán á rétt á

að vita upphæð greiðslna út lánatímabilið. Það er ómögulegt að gera ef greiðslur eru tengdar erlendum gjaldmiðlum. Samkvæmt lögum ætti LÍN að miða við meðallaun háskólamenntaðra manna á Íslandi, það eru opinberar tölur. Þetta er ekki flókið, enda Hæstiréttur nýbúinn að dæma um þetta. Það leikur engin vafi á því að aðferðin sem beitt er við útreiking afborgunar lána þeirra sem hafa laun í erlendum gjaldmiðli er ólögleg.

Verðtrygging ólögleg

Lög eru ekki til skrauts. Á Íslandi endurspeglar greiðsluáætlanir ekki raunveruleikann, sér í lagi verðbóluskotið fyrir og eftir hrun. Með sanni má segja að LÍN hafi raskað hegðun námsmanna með því að gera lítið úr langtímaáhættu vegna verðbólgu. Verðtryggð námslán eru í rauninni svo flóknar afleiðutengdar fjármálaafurðir og er ómögulegt er fyrir námsmenn að meta þau á fullnægjandi hátt. Verðtrygging námslána er mjög líklega ólögleg og stangast á við grundvallarreglur evrópskra neytendalaga sem banna misbeitingarákvæði sem raska jafnvægi samningaþila neytanda í óhag. Það er löngu kominn tími til fyrir stjórnvöld og fjármálastofnanir að virða íslensk lög, þau eru ekki til skrauts. Vanþekking og afneitun á lögum, leysir engan undan ábyrgð.

Dómsorð

Rettens begrundelse og afgørelse

Gældsbræv nr. [REDACTED], er ubestridt underskrevet af [REDACTED], der ligeledes kan erkende at skyldte hovedstolen. Gældsbrævet er udfærdiget på islandsk, underskrevet på Island af to parter, der på underskriftstidspunktet var bosiddende på Island, og angiver hovedstolen i islandske kroner. Retten finder herefter at gældsbræv har sin nærmeste tilknytning til Island, og at sagen derfor skal afgøres efter islandsk lov, jf. artikel 4 i konventionen af 19. juni 1980 om, hvilken lov der skal anvendes på kontraktlige forpligtelser, gennemført i dansk ret ved lov nr. 188 af 9. maj 1984. Lovvalget er blandt andet afgørende for sagsøgtes indsigelse om, at betaling skal ske i islandske kroner.

Uanset, at der ikke under sagens forberedelse er foretaget nogen belysning af islandsk ret, finder retten, at Lanassjooour Islenska Nams' opgørelse af de to ordinære afdrag og tillægsafdraget på gældsbrævet, der danner grundlag for den nedlagte påstand, er forbundet med en sådan uklarhed, at Lanassjooour Islenska Nams ikke kan få medhold i nogen del af den nedlagte påstand.

Retten bemærker herved, at der ikke er nogen beløbsmæssig sammenhæng mellem de i gældsbrævet fastsatte ordinære afdrag, den seneste oplyste kurs på islandske kroner og de beregnede afdrag, samt at det er uklart, i hvilket omfang og med hvilken sats, der i henhold til gældsbrævet bestemmelser er sket regulering efter ændring i konsumprisindekset.

For så vidt angår tillægsbetalingen, har Lanassjooour Islenska Nams ikke redegjort for, ud fra hvilken indtægt, afdraget er fastsat, eller om afdraget er fastsat skønsmæssigt, herunder sandsynliggjort at det har været berettiget at skønne over intægten. Også vedrørende tillægsafdraget er det uklart, i hvilket omfang og med hvilken sats, der er sket regulering efter ændring i konsumprisindekset.

Herefter vil sagsøgte, [REDACTED] være at frifinde.

Fréttir af Alþingi



Þá sló þigforseti í bjölluna

Jón Gunnarsson (D), hvatti sér hljóðs 16. okt. í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi og vakti athygli forseta á því að Geir Jón Þórisson fyrrverandi yfirlögregluþjónn hefði á opnum fundi í Valhöll nafngreint þingmenn (sem Geir Jón gerði þó ekki!!) sem hann taldi að hefðu átt skipulögð samskipti við ákveðin hóp mótmælenda í búshaldabyildingunni svo kölluðu. Þegar Jón Gunnarsson gerði sig líklegan til þess að nefna þessi nöfn spratt forseti upp úr stólum og sló á bjölluna. Við það var sem allur vindur væri úr Jóni. Lét hann nægja að segja að hann væri einungins að vekja athygli forseta á málinu.

Steingrímur J. slær úr (ESB) og í (ESB)!

Ragnheiður Elín Árnadóttir (S) saumaði að Steingrími J. Sigfússyni (V) í umræðum um ESB á Alþingi 16. okt. Elín hvatti ríkisstjórnina til þess að mótmæla formlega gegn nýlegum heimildum sem samþykktar voru á þingi ESB að Íslendinga og Færeyinga mætti beita refsiaðgerðum vegna markilveiða.

Eins og vænta mátti sló Steingrímur úr og í!

Heimsókn í fyrirtæki

Við í Hægri grænum erum tilbúinn til að koma í heimsókn í fyrirtæki, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landsbyggðinni. Við erum hvergi bangin að koma og ræða stefnu okkar og áherslur enda eru þær mjög skýrar að okkar mati. Þið getið farið á heimasíðu okkar, xg.is, og sent okkur hvenær þið vilið fá okkur í heimsókn og við erum komin að vörmu spori :)

Sannleiks og sáttanefnd

Tillaga Hægri grænna að uppgjöri við útrásarvíkinga og meðreiðarsveina



Viljum ekki að hrúnið gleymist

Enginn ærlegur Íslendingur vill að hrúnið gleymist og sársaukinn sem fylgdi hrúninu er svo alvarlegur fyrir marga einstaklinga og fyrirtæki, að nauðsynlegt er að komast að sannleikanum hvað gerðist hér á landi í raun og veru. Nauðsynlegt er að ljúka málinu sómasamlega, réttlátlega og ná sátt með þjóðinni, öðruvísi er erfitt að halda áfram á þeirri löngu og flóknu vegferð sem við höfum fyrir höndum. Landsdómur leiddi í ljós yfirgripsmikla samskiptaörðugleika íslenskra embættismanna og vanhæfni í mörgum tilvikum. Víða er pottur brotinn í íslenskri stjórnsýslu, sem verður að laga.

Sannleiks- og sáttadómstól

Stjórnmalahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins vill setja á stofn 15 manna Sannleiks- og sáttadómstól sem myndi skoða alla hrúnsöguna til dagsins í dag. Margir telja að siðbresturinn hafa byrjað með gjaldþroti Sambandsins, því í kjölfar þess myndaðist tómarúm á eignarhaldi á nokkrum mikilvægum fyrirtækjum tengdum Sambandinu og inn í þetta tómarúm gengu ýmsir og hirtu félögin. Einkavæðing bankanna upp úr aldamótum hefur verið umdeild, svo og endurreisn bankanna eftir hrún. Ekki á að setja Sannleiks og sáttadómstólinn á laggirnar til þess að dæma menn til þungra refsinga eða fangelsisvistar heldur til þess að þjóðin sameinist um heidarlegt verklag sem við viljum hafa með okkur inn

í framtíðina, sem er bjartari en margan grunar. Ekki er verið að álykta með þessu að sekir eigi að sleppa við refsningar. Sérstakur saksóknari er að vinna sína vinnu gaumgæfilega og lýkur vinnu sinni á næstu misserum. Dómstólar taka svo við þessum málum og skera úr um sekt eða sakleysi manna.

Það sem við viljum

- Setja á stofn Sannleiks og sáttadómstól til þess að fara ofan í öll hrúnmál svo þjóðin geti sameinast um heidarlegt verklag inn í framtíðina.**
- Krefjast upprunavottorðs fjármagns, fyrir þá aðila sem hyggja á fjárfestingar hér á landi.**
- Verðlauna uppljóstrara og starfsmenn erlendra og innlendra fjármála-fyrirtækja 25% af heimtum sem kunna að finnast erlendis í skattaskjólum t.d. eins og á Caymaneyjum, Lúxemborg og Tortola og ekki er búið að greiða skatt af eða gera löglega grein fyrir.**
- Sekta og svifta þá aðila sem brotlegir hafa gerst við skattalög, orðum og öðrum vegtyllum sem þeim hefur hlotnast og setja þá í viðskiptabann, fyrirmuna þeim að stofna fyrirtæki og sitja í stjórnnum.**

Bannað að gegna opinberum trúnaðarstörfum

Ef um opinbera starfsmenn og embættismenn er að ræða, þá á dómstóllinn að geta vítt þá, sektað, bannað

þeim að gegna opinberum trúnaðarstörfum fyrir ríki og bæi ævilangt og lækkað eða afnumið eftirlaun þeirra, eftir því hversu gróf brot þeirra eru.

Útrásarvíkingum gert að sýna fram á hvaðan féð kemur

Hægri grænir, flokkur fólksins hefur það einnig á stefnuskrá sinni að allir meintir útrásarvíkingar og meðreiðasveinar þeirra þurfi í framtíðinni að hafa með sér upprunavottorð fjármagns, ef þeir hyggja á fjárfestingar hér á landi. Koma verður í veg fyrir peningþvott, en ýmsar leiðir eru notaðar til að koma aflandskrónum í umferð á Íslandi. Það er ekki sanngjarnt að heiðvirðir menn þurfi að keppa við lágt gengi aflandskróna og illa fengið fé, þegar þeir eru að bjóða í eignir banka og lífeyrissjóða. Aflandskrónur í skattaskjólum eiga eingöngu að vera gjald-

gengar ef sannanir liggja fyrir því að til þeirra hafi verið stofnað á heidarlegan hátt og búið sé að greiða skatt af þeim. Vill flokkurinn einnig verðlauna uppljóstrara og starfsmenn erlendra og innlendra fjármála-fyrirtækja 25% af heimtum sem kunna að finnast erlendis og ekki búið að greiða skatt af eða gera löglega grein fyrir. Einnig vill flokkurinn að Sannleiks og sáttadómstóllinn geti sektað og svift þá aðila, sem brotlegir hafa gerst, orðum og öðrum vegtyllum sem þeim hefur hlotnast og geta sett þá í 10 ára viðskiptabann, fyrirmuna þeim að stofna fyrirtæki og sitja í stjórnnum. Ef um opinbera starfsmenn og

embættismenn er að ræða og þeir gerst brotlegir, gæti Sannleiks og sáttadómstóllinn vítt þá, sektað, bannað þeim að gegna opinberum trúnaðarstörfum fyrir ríki og bæi ævilangt og lækkað eða afnumið eftirlaun þeirra, eftir því hversu gróf brot þeirra eru. Ljóst þykir að rannsaka verður opinberlega nokkur mál, eins og:

Icseave ferlið frá upphafi.

Verklag og ákvarðanir stjórnvalda við endurreisn fjármálageirans.

Bankafærslur efsta lags opinberra embættismanna og ríkisforstjóra sl. 10 ár

Einkavæðingu Íslenskra aðalverktaka.

Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, Gift og skyld fyrirtæki.

Sala, söluférla og eigendur stórfyrirtækja sem eru eða voru í eigu nýju bankanna og skilaneftnda.

Þessi upptalning er að sjálfsögðu ekki tæmandi, en er vísbending um þær fjölmörgu spurningar sem við verðum að fá svar við, og sýnir nauðsyn þess að setja á stofn Sannleiks og sáttadómstól þar sem misgjörðir stjórnmalamanna, opinberra embættismanna og meðreiðarsveina þeirra á frjálsum markaði verða afhjúpaðar. Eidsverja á þá sem koma fyrir Sannleiks- og sáttadómstólinn og fólkið í landinu á að geta fylgst með yfirheyrslum í beinni útsendingu. Í nefndina yrðu valdir 15 ópólitískir sérfræðingar og lögfróðir menn til þess að leiða sannleikann í ljós.

Hægri grænir í sókn í könnunum

Hægri grænir rjúka upp um 46% í skoðannakönnunum. Úr 3% í 4.4% í þjóðarpólssi Gallups. Flokkurinn er er þessa daganna að undirbúa næstu kosningar. Stefnuskráin er tilbúinn og við höfum orðin vör við mikinn áhuga á vefnum xg.is. Kynntu þér það sem við höfum fram að færa á vefnum okkar og ekki hika við að hafa samband.

LEIÐARINN

Guðmundur Franklín Jónsson, formaður Hægri grænna:

Kynslóðasátt!

Niðurfærsla skulda Íslenskra heimila gengur fyrir

Íslensk heimili eru meðal þeirra allra skuldugustu í Evrópu, miðað við tekjur. Meðalheimili á evrusvæðinu



skulda um 99% af ráðstöfunartekjum sínum og hefur það hlutfall farið lítilllega hækkandi milli ára. Seðlabanki Íslands hefur tekið saman sambærilegt hlutfall á Íslandi. En hér nema skuldir heimila við fjármálafyrirtæki tæplega 230 prósent af ráðstöfunartekjum í lok ársins 2010 sem er ríflega tvöfalt hærri en skuldir á evrusvæðinu.

Verðum að bregðast strax við!

Verða Íslendingar að bregðast við þessu strax, en Hægri grænir, flokkur fólksins vill setja sérstök Neyðarlög og stofna Leiðréttingarsjóð verðtryggðra húsnæðislána vegna skuldavanda heimilanna (þetta er bandaríska TARP leiðin). Talið er að 1/3 hluti landsmanna sé á barmi gjaldþrots og annar þriðjungur í verulegum vandræðum. Afnema verður verðtryggingu íbúðalána strax. Flokkurinn vill fara svokallaða skiptigengisleið og ætlar að leiðrétta ranglætið sem fjölskyldum þessa lands hefur verið sýnt og fara í almenna skuldaniðurfellingu – Kynslóðasátt. (sjá Kynslóðasátt - Leiðréttingin)

garsjóður verðtryggðra húsnæðislána og Ólögleg verðtrygging).


Seðlabankinn getulaus og ASÍ vegur salt

Í greiningu á vegum Seðlabanka kemur fram að tíundi hver skuldettur húseigandi er bæði í greiðslu- og skuldavanda. Mikið hefur verið talað um eignarétt þegar húsnæðisskuldir heimilanna hafa verið í umræðunni, en það virðist vera að sá réttur sé valkvæðaréttur þ.e.a.s. það skipti máli um hvern sé rétt. Það virðist því vera þegar umræðan er skoðuð að eignaréttur hafi verið réttur sérvalinna aðila sem eiga eitur sínar í fjármagni. Þeir sem hafa verið það óheppnir að geyma sparifé sitt í húsnæði, þak yfir höfuð fjölskyldu sinnar þá virðist eignaréttur ekki eiga við. Þá er peningaöflunum heimilt að valsa um án takmarkana og án tilits til laga. Það er t.d. alveg skýrt í málflutningi banka og lífeyrissjóða að það varð enginn forsendubrestur á nokkurn hátt og það mætti halda að þjóðin hafi ekki orðið fyrir neinum skakkaföllum þegar hlustað er á þessa aðila. Að þeirra mati er verðtryggingin undirstaða velfarnaðar í þessu landi og ekki má hrófla við henni á nokkurn hátt. Þegar tillögur komu fram um að leiðrétta þann forsendubrest sem varð við hrúnið, var ekki við það komandi hjá forseta ASÍ. Þessi afstaða ASÍ er vægast sagt undarleg og kemur félagsmönnum þeirra illa.

Skattastefna Hægri grænna:

Eitt 20% skattþrep

Hægri grænir, flokkur fólksins vill hafa eitt 20% skattþrep fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þessu má ná fram á fjórum árum. Lækkun á fyrsta ári í 35%, ári 2 síðan í 30%, ári 3 svo í 25% og svo síðast á ári 4 í



20%. Með því móti væri hægt að útrýma millifærslum af ýmsu tagi og útrýma fátæktargildrum. Flatur skattur dregur úr skattsvikum og skattheimtan verður betri. Það er mikið sanngirnismál að hækka lægstu laun á Íslandi og lögfesta

lágmarkslaun.

Hægri grænir, flokkur fólksins leggur til að

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði lagður niður í núverandi mynd. Endurskoða þarf allt millifærsluferfið því ljóst er að fjármuni má nýta á hagkvæmari hátt. Ríkisútgjöld hafa aukist allt of mikið og þarf nú að leiðrétta

útgjöld hins opinbera. Nýta þarf fjármuni betur og nálgast hagræðingu með leiðréttingu útgjalda en ekki flötum niðurskurði. Setja þarf markmið um árangur og bætt afköst fyrir skattfé almennings.


Beint lýðræði núna!

Hægri grænir, flokkur fólksins heitir því að koma á lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur sem eitt af sínu fyrstu verkum. Flokkurinn vill halda tvær þjóðaratkvæðagreiðslur á ári eins og í Sviss. Niðurstöður þessara þjóðaratkvæðagreiðslna er síðan hægt að færa Alþingi Íslendinga til yfirferðar og í framhaldinu búið til lög sem samræmast þjóðarvilja. Margar útfærslur og hugmyndir eru uppi um framkvæmd þeirra. Flokkurinn vill hafa tvær þjóðaratkvæðagreiðslur á ári með allt að 9 spurningum í hvert skipti, þann 17. júní og 1. desember. Niðurstöður þessara þjóðaratkvæðagreiðslna er síðan hægt að færa Alþingi Íslendinga til yfirferðar og í framhaldinu búa til lög sem samræmast þjóðarvilja.



Sigurjón Haraldsson skrifar:

Stórskipahöfn í eyjum er raunhæfur kostur



Stjórnmalamenn tala sífellt um það að skapa störf og þegnarnir spyrja þá, hvaða störf ætli þið að skapa. Það virðist vera einhver misskilningur hjá stjórnmalamönnum að hið opinbera skapar ekki störf til að hleypa blóði í atvinnulífið. Hið opinbera getur hinsvegar skapað aðstæður sem örva arðsemi og tekjur einstaklinga og fyrirtækja. Lægri skattar geta t.d. aukið hagnað og fjölgað atvinnutækifærum, en ekki öfugt. Þegar stjórnvöld ætla að hleypa lífi í atvinnulífið, þá gerist það ekki með aukinni skattheimtu. Ýmis þjónusta og mannvirki sem rekin eru af ríki og sveitarfélögum, geta með réttu hugarfari orðið þess valdandi að ýmis tækifæri skapist fyrir einstaklinga og fyrirtæki, en það getur líka orðið til að draga úr frumkvæði einstaklinga.

Atvinnuuppbygging og hagræðing

Stórskipahöfn í Vestmanneyjum er eitt af þeim verkefnum sem gætu skapað verulegar tekjur, aukin störf og fjölgun íbúa. Ýmsar hugmyndir hafa verið í gangi um þessa stórskipahöfn s.l. áratug. En sú hugmynd sem ég og félagi minn Valgeir Jónasson smiður í eyjum höfum útfært, hefur nokkra hagræðingarkosti og eykur möguleika á atvinnuuppbyggingu, ekki bara í Vestmannaeyjum heldur líka á Suðurlandi.

Það virðist vera ansi vinsæl upphrópun í dag að, sveitarfélög og ríki megi ekki fara í neinar framkvæmdir þar sem taka þarf lán. Aðrir eru á móti því að lífeyrissjóðir séu að fjárfesta í samfélag-

slegum verkefnum o.s.frv. En ef verkefni skila góðum arði og geta borgað til baka þær skuldbindingar sem lagt er út í, þá skiptir litlu máli hvaða peningarnir eru teknir að láni. Aðal atriðið er að slík verkefni séu sjálfbær þ.e.a.s. geti staðið undir sér og skapað atvinnu og skatttekjur bæði fyrir sveitarfélagið og samfélagið í heild.

Hugmynd okkar Valgeirs gekk út á það að búa til fjölfjárfestingu, þar sem í einu mannvirki væri nokkur mannvirki sett saman í eitt. Nokkurskonar fjölmannvirki þ.e.a.s. hafnarmannvirki, skolpmannvirki, skipaþró og þurrkví. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, þá er gert ráð fyrir að allra stærstu flutninga og skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju, eða í þurrkví. Þessi þurrkví myndi leysa af hólmi skipalyftuna sem er löngu orðin úrelt, barn síns tíma og getur ekki sinnt lengur þjónustu við stærri skip útgerðarflota eyjanna. Tekjur hafnarinnar myndu margfaldast því öll skemmtiferðaskip sem koma til landsins geta lagst að bryggju og hægt væri með Herjólfni eða minni skipum að sigla með farþegana til Landeyjahafnar og þaðan um Suðurlandið í dags ferðir. Höfnin myndi nýtast stórum flutningaskipum sem þurfa á leið sinni yfir norður-íshafið að taka vistir, skipta um áhafnir og sinna ýmsu viðhaldi. Þetta myndi skapa fjölda afleiddra starfa í eyjum. Hafnargarðurinn myndi nýtast sem skolpræsisstokkur og myndi ná allt að 500 metra út í sjó og hægt væri að hafa þró í enda hans.

Heildstæða stefnu í löggæslumálum.

-Hefjum sókn gegn skipulögðum glæpasamtökum-

- Efla þarf alla löggæslu á landinu til muna og skera upp herör gegn glæpum, eiturlyfjasölu, spillingu, tryggingasvindli, nauðgunum, þjófnaði og öðru ofbeldi.
 - Stoppa dæmda menn og önnur glæpagengi við komuna til landsins.
 - Gera sérsamning um SIS upplýsingakerfið eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa gert.
 - Herða þarf viðurlög við ólöglegum vopnaburði og vopnaeign.
 - Víska erlendum glæpamönnum úr landi og banna dæmdum glæpamönnum að stofna fyrirtæki á Íslandi, eða sitja í stjórnnum fyrirtækja.
 - Auka þarf valdheimildir, forvarnir og upplýsingaöflun lögreglunnar til hins sama og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.
 - Margfalda þarf rafrænt myndavélaeftirlit á vegum.
 - Lengja og herða dóma fyrir öll afbrot.
 - Lög um rafræn öklabönd á barnaníðinga, nauðgara, síafbrotamenn og fíkniefnasala eftir að þeir eru leystir úr fangelsi.
 - Segja upp Schengen samningnum.
 - Leysa upp og banna erlend eða íslensk glæpa- og vélhjólasamtök.
 - Stofna verður til innra eftirlits hjá lögreglunni eins og hjá öðrum ríkisstofnunum.
 - Taka skal upp almenna vegabréfaskoðun á landamærum Íslands.
 - Komið skal á öflugu innra eftirliti ríkisins með öllum ríkisstofnum og félögum í eigu þess.
- Sérstök rannsóknardeild með víðtækar rannsóknarheimildir annist þetta með fulltrúum ríkisendurskoðanda, ríkisskattstjóra og rannsóknarlögreglu.
- Nefndir alþingis skulu geta kallað á vitnisburð aðila með vitnastefnu (subpoena) að viðlagðri refsingu.
 - Eftir að Sérstakur saksóknari vindur niður seglin ætti það fjármagn sem er eyrnamerkt honum að færast eftir hendinni til lögreglunnar.
 - Ráða þarf amk. 200 manns til viðbótar því sem nú er til lögreglunnar og gætu starfsmenn Sérstaks komið til móts við þá þörf að einhverju leiti.



Haustblót hjá Hægri grænum í 19. október.

Hægri grænir halda haustblót í október. Von er á góðum gestum og boðið verður upp á léttar veitingar. Höfuðstöðvar Hægri grænna er í gömlu heilsvenddarstöðinni í Reykjavík. Nú fer að líða að kosningum og starfið að komast á fullan skrið. Mikið málefnastarf hefur verið unnið og margir lagt höng á plóg. Ítarleg stefnuskrá liggur hér á vefnum okkar og munu við hefjast handa við að kynna hana almenningi á næstu vikum. Allir eru velkomnir til okkar 19. okt. og fólk getur kynnt sér stefnu okkar og rætt við þá sem standa að framboðinu



Berjumst fyrir kjaraleiðréttingu aldraðra



Hægri grænir, flokkur fólksins ætlar að búa eldri borgurum áhyggjulaust ævikvöld og berjast fyrir kjaraleiðréttingu og öðrum sjálfsögðum mannréttindum eftirlaunafólks. Flokkurinn ætlar að fella úr gildi skerðingu elli og örorkulífeyrisbóta, þegar viðkomandi styrkþegi starfar á vinnu- markaði. Það er ekki sæmandi að hegna fólki sem vill vinna fyrir sér með því að skerða bætur þess. Þetta er óheillaþróun sem snúa ber við. Eldri borgarar eiga að fá að vinna eins lengi og þeir kæra sig um á frjálsum markaði og borga skatta af launum sínum eins og aðrir. Elli og örorkulífeyrisþegar verða að njóta lífvænlegra kjara af sanngirnis- og mannúðarástæðum. Allir eldri borgarar ættu að fá heimilisuppbótina hvort sem þeir búa saman eða ekki. Það gengur ekki að svipta einstaklinga heimilisuppbót fyrir þá sök eina að búa saman. Það verður að stöðva svona aðskilnaðarstefnu. Einnig verður að hjálpa eldri borgurum að búa sem

lengst heima hjá sér því það sparar ríkinu stórar upphæðir. Unnið verði markvisst að því að hækka lífeyri aldraðra svo hann dugi fyrir framfærslukostnaði.

Flokkurinn ætlar að skera upp herör gegn fátækt og örbirgð. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 25. grein, segir m.a.: „Allir eiga rétt á líf- skjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst þar til fæði, klæði, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagsleg þjónusta, svo og réttur til öryggis vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, fyrirvinnumissis, elli eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert.“ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 76. grein, segir m.a.: „Öllum, sem þessa þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og samþærilegra atvika.“ Þó svo Ísland sé aðili að mannréttinda yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er víða pottur brotinn og okkar eigin stjórnarskrá jafnvel ekki fylgt eftir.

Einyrkjakerfið: frjálsar strandveiðar strax!

Stjórnmalahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins vill skoða nýjar hugmyndir um sátt í sjávarútvegsmálum. Vörpum við hér fram hugmynd um að breyta strandveiða- og byggðakvótakerfinu í nýtt staðbundið dagakerfi sem væri sjálfstætt kerfi sem starfaði til hliðar við hið almenna kvótakerfi. Þetta nýja dagakerfi myndi leyfa frjálsar handfæraveiðar gegn sanngjörnu löndunargaldi sem myndi renna til viðkomandi

skatta í sveitarfélaginu. Viðkomandi sjávarpláss þyrfti af hafa vinnslu og frystihús á staðnum.

Einn bátur á mann

Frjálst handfæraleyfi gæti síðan gengið kaupum og sölum og hver útgerð miðaðist við 1 bát með tvær handfærarúllur. Veiðarnar væru stundaðar frá sumardegnum fyrsta til fyrsta vetrardags. Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur Hörpu og ber alltaf upp á



sveitarfélags. Þessar veiðar gætu miðast við báta undir vissum tonnafjölda sem stunda dagróðra frá mánudegi til fimmtudags. Þetta er staðbundið kerfi og í stað aflamagns yrði notast við bátafjölda í hverju sjávarpláss. Setja yrði hámarksfjölda báta á hverjum stað og ekki væri hægt að selja leyfin frá plássinu. Eigandi bátsins yrði að eiga lögheimili á staðnum og borga

fimmtudag á tímabilinu frá 19.-25. Apríl. Fyrsti vetrardagur er laugardagurinn að lokinni 26. viku sumars og ber upp á 21.-27. október. Trillukarlar, trilluútgerð og smábátaútgerð er partur af íslenski sjávarplássmenningu og yrði það mikill sjónarsviptir ef slík útgerð leggjdist af. Við viljum pólitísk afskipti burt úr greininni. Við getum kallað þetta „Einyrkjakerfið“.

ESB, EES, Schengen, landamæravarsla og viðskiptasamningar



Kjartan Örn Kjartansson

Ísland gerðist aðili að EES vegna viðskiptahagsmuna, en í kaupbæti voru ýmsir misjafnir fylgifyrirkomur og afleiðingar, sem menn etv. sáu ekki fyrir þegar gengið var til samninga. Það eru miklir ókostir við EES aðildina að Ísland er þvingað til þess að gleypa lög og reglugerðir ESB, sem eldaðar eru ofan í okkur í Brussel án mikillar aðkomu okkar og sem eru oftast fyrir aðrar aðstæður en hér eru og finnst manni sumar þeirra vera hreinlega út í hött. Þar ræður ESB för, ekki við. Reynsla okkar af ESB er þannig ærið misjöfn og t.d. alls ekki góð í Icesavemálinu eða vegna einhliða ákvarðana þess í makrildelunni, hvoru tveggja hreint hneyksli. Þar hefur okkur verið hótáð viðskiptaþvingunum þrátt fyrir að ákvæði EES samningsins banni

slíkt. Það sem passar ESB/EES hverju sinni er þannig gjarnan á skjön við hagsmuni Íslands. ESB vill ráða.

Shengen er barn ESB og EES. Reynslan kennir að það voru mistök að gerast aðilar að þeim samningi, þrátt fyrir að með því fylgdi aukin samvinna á sviði löggæslumála, sem er auðvitað ágætt út af fyrir sig. Með opnun landamæra Íslands geta aðkomumenn frá ESB/Shengen svæðinu komist eftirlitslítið inn í landið og öfugmælin eru að þetta torveldar löggæslu og útlendingaefirliti störf þeirra og skapar mörg velþekkt vandamál, sem aukast og versna sífellt við mikinn kostnað og armæðu.

Er vikilega ekki hægt að vernda hagsmuni landsins án aðildar að þessum bandalögum?

Ég er eindregið á móti því að missa sjálfsákvæðanarétt okkar frekar með innlimun í Íslands í ESB. Mér finnst það líka spurning hvort við eigum ekki að endurskoða aðildina að EES og Schengen í ljósi ofangreinds. Ég vil að okkar góða en fámenna löggæsla verði eflað til allra muna og spyr hvort ekki

er hægt að eiga gagnleg samskipti við Europól og önnur öryggiskerfi án þess að vera í Shengen? Er ekki hægt að vernda viðskiptahagsmuni Íslands með tvíhliða viðskiptasamningum við viðskiptalönd okkar eins og t.d. Sviss gerði fyrir sig? Er ekki rétt að gaumgæfa veru okkar í þessum fyrirbærum? Er það virkilega ekki hægt að standa vörð um hagsmuni landsins með öðrum hætti en þessum?

Mér finnst stjórnmalaflokkarnir ekki hafa verið með skýra stefnu í þessum málum utan Samfylkingarinnar, sem er sem kunnugt er afar ánægð með stöðu mála og vill meira. Hægri grænir, flokkur fólksins, er þó undantekning, en í stefnuskrá hans, sem lesa má á xg.is, segir að hann leggji einmitt til að allsherjar athugun á þessum málum fari fram. Mér finnst það hugrækt og skynsamlegt og kominn tími til að einhver taki af skarið. Hvað finnst þér?

Kjartan Örn Kjartansson
Höfundur er fyrrv. forstjóri

Ályktun/fréttatilkynning vegna fjárlaga



13. september 2012

Ályktun flokksfundar Hægri grænna, flokks fólksins frá 12. september 2012

Athugasemd við Fjárlög

Stjórnvöld fegra sannleikann

Hægri grænir, flokkur fólksins átelur slægt vinnubrögð stjórnvalda við gerð fjárlagafumvarpsins. Hér er á ferðinni enn einn glansbælingurinn sem á að notast við í komandi kosningarbaráttu. Stjórnvöld eru búin að taka að láni meira en 1500 milljarða sem er Íslandsmet í lántöku og er það grafalvarleg þróun, en vaxtakostnaður ríkissjóðs er 88 milljarðar króna á ári.

Hallinn á fjárlögum næsta árs er a.m.k. 20 sinnum hærri eða sem nemur 56 milljörðum. Inn í útreikninga stjórnvalda vantar 23 milljarða tap vegna 70 milljarða ríkisábyrgðar á Dróma (protabús Spron og Frjálsa), 19 milljarða greiðslu inn á rúmlega 400 milljarða skuld ríkisins við LSR, en LSR horfir fram á gjaldþrot 2026 ef ekkert er að gert og svo 14 milljarða inn í Íbúðarlánasjóð sem er tæknilega gjaldþrota.

Stjórn Hægri grænna, flokks fólksins

Fréttin sem vakti enga athygli

→ FLÓTTMENN ÁTÖK MILLI HÓPA

Engin gæsla í eldfimu ástandi á Fit

Enginn samningur hefur verið gerður um rekstur vistheimilis fyrir flóttamenn í Reykjanesbæ. Enginn starfsmaður er á vegum yfirvalda á heimilinu þar sem ástandið er eldfimt og nokkuð um harkaleg slagsmál. Átök eru milli ólíkra hópa; þjóða og þjóðarbrota sem og trúarbragða en engin öryggisvarsla.

Nokkuð er um alvarleg slagsmál á vistheimili fyrir flóttamenn í Reykjanesbæ þar sem hálfar eru jafnvel á lofti. Lögreglan á Suðurnesjum vildi ekki gefa upp hve oft hún hefi verið kölluð til vegna atvika á gistihelminu Fit á undanföllum árum. Ástandið á vistheimili fyrir flóttamenn í Reykjanesbæ er mjög eldfimt en enginn starfsmaður á vegum Reykjanesbæjar starfar á vistheimilinu og engri öryggisgæslu til að dreifa, samkvæmt heimildum Fréttatímans. Reykjanesbær telur Fit ekki hafa búsetuástand fyrir konur og börn og útvegjar fjölskyldum í hælisleit því íbúðir annars staðar á sveitarfélaginu. Þó svo að langflestir hælisleitendur séu frísamlegir fólk sýnir nokkur hluti þeirra sem dveljast á Fit augljós merki um óþægilegheit, samkvæmt heimildum Fréttatímans. Átök eru milli ólíkra hópa, þjóða og þjóðarbrota sem og trúarbragða – mest eru átök milli súnna og sjíta-múslima. Erlendis er öryggisvarsla á vistheimilum fyrir hælisleitendur en svo er ekki hér. Á síðustu árum hafa nokkrir flóttamenn gert tilraunir til að svipta sig lífi og fyrir fáeinum árum framdi einn hælisleitandi sjálfsvíg á Fit. Sá var ekki í umsjá Reykjanes-

bejar. Enginn skriflegur samningur hefur verið gerður um rekstur vistheimilis fyrir flóttamenn en Útlendingastofnun hefur falið Reykjanesbæ að veita þessa þjónustu. Reykjanesbær er í samstarfi við tvö gistihelmi í Reykjanesbæ um þjónustu við hælisleitendur, gistihelmið Fit í Njarðvík og gistihelmið við Hótel Keflavík, samkvæmt upplýsingum frá félagsþjónustunni í Reykjanesbæ. Álls eru 73 hælisleitendur á framfæri Reykjanesbæjar. Af þeim eru 40-50 skráðir í gistingu á Fit. Af þeim eru 10-15 að jafnaði fjarverandi án vitneskju yfirvalda en ekkert eftirlit er með því hverjir dveljast á gistihelminu. Hælisleitendur geta sótt um tímabundið atvinnu- og dvalarleyfi ef þeir finna vinnu en missa þá félagsleg réttindi hælisleitenda sem felast í húsnæði, mat, almennri lækniþjónustu, afþreyingu og vaspeningum. Samkvæmt upplýsingum frá félagsþjónustunni í Reykjanesbæ fá hælisleitendur jafnframt afhent símkort, hreinlætisúbur og Bónuskort við komuna til landsins. Þeir sjá hins vegar sjálfir um innkaup og matseld. Eftir fjögurra vikna dvöl fá þeir 2500 krónur í vaspeninga á viku. Auk þess er boðið upp á íslenskukennslu og fá



Biðtími hælisleitenda lengist í tvö ár án aukinna framlaga



hælisleitendur jafnframt bókasafnskort með aðgangi að interneti eina klukkustund á dag og frítt í sund, á söfn bejarins og í stræti innanbejar. Ennfremur fá þeir tvo rútumíða til að komast til Reykjavíkur einu sinni í mánuði en rútumíða til viðbótar þurfi þeir að fara til Reykjavíkur í tengslum við mál þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá félagsþjónustunni í Reykjanesbæ þurfa hælisleitendur að gefa sig fram við fulltrúa félagsþjónustunnar einu sinni í viku til að fá nýtt Bónuskort og vaspeninga ef þeir hafa ólást rétt á þeim. Sigríður Dögg Auðunsdóttir sigridur@frettatimin.is

Í sumar birtist í Fréttatímanum grein um það ástand sem er á Fit í Reykjanesbæ. Fréttin gefur mjög góða mynd af því ástandi sem ríkir í málefnum hælisleitanda á Íslandi og endurspeglar það ástand sem hefur verið í Evrópu í mörg ár. **Lömuð stjórnsýsla** Greinin afhjúpar ömurlegt ástand í málefnum hælisleitenda á Íslandi en líka vekur hún fólk til umhugsunar um það ástand sem er að skapast í Íslensku samfélagi.

Átök milli trúarbragða. Það sem mest veldur áhyggjum eru þau átök sem eru milli trúarbragða en samkvæmt fréttinni eru þau mest milli súnna og sjíta múslima. Það hefur verið til skammar fyrir Íslenska stjórnsýslu hvernig fólk sem sótt hefur hér um hæli hefur verið látið bíða árum saman um svar. Þetta er ekki boðlegt og verður að kippa í liðinn sem fyrst. Það er ætlun Hægri-grænna að hér ríki mannúð en festa í þessum málaflökki.



G → **Á** → **facebook**

facebook Search for people, places and things

Hægri grænir, flokkur fólksins Timeline Now Highlights

Write something...

Hægri grænir, flokkur fólksins shared a link.

Einara Einarsdóttir
Ég var að ganga í flokkinn Hægri grænir og líður vel ...

Oddur Andri Og Siggí
Það var mikið að einhver kom með lausnir og áætlun ...

Níels Sveinsson
Var að lesa stefnuskránnu ykkar hér inni og er ekki frá því að þið hafið áunnið ykkur bæði atkvæði og velvilja til vinnu ef eitthvað gagn væri hægt að gera...

Eyjólfur Garðar Svavarsson
Eru hægri grænir Lausnin? Það skildi nú vera!! Ríkisdalur, og burt með aflandskrónur. Það lætur vel í eyrum!!!

Hægri grænir, flokkur fólksins shared a link. 8 hours ago

Ég vil þakka öllum sem komu á Haustblót HG innilega fyrir. Á milli 150 – 200 manns mættu. Ekki hafði ég grænan grun um hversu ungt fólk á Íslandi er hrifið af Dr. Ron Paul og hugmyndafræði hans. En til að undirstrika það enn einu sinni, þá er hugmyndafræði HG byggð upp á hugmyndum hans og félögum hans í Liberterian hreyfingunni.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Libertarianism>
See Translation

Libertarianism – Wikipedia, the free encyclopedia
en.wikipedia.org

Libertarianism is the group of political philosophies that advocates minimizing coercion and emphasizes freedom, liberty, and voluntary



Hver á sér fegra föðurland er íslenskt ættjarðarljóð eftir Huldu, ort í tilefni af Lýðveldisstofnuninni 1944.

Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún uni grandvör, farsæl,
fróð
og frjáls - við ysta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur liti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð
Svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.

Emil Thoroddsen / Hulda

Ísland verði SPA-eyja

Heilsutengd ferðaþjónusta er gríðarlega mikilvæg tegund ferðaþjónustu sem við Íslendingar getum orðið í fararbroddi með. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur margfaldað á síðustu árum. Náttúra Íslands og sérstætt landslag laða ferðamenn til landsins. Það má halda því fram að vegna heita vatnsins séum við í rauninni SPA-eyja. Allstaðar eru „Thermal swimmingpools“ og má benda á að víða í heiminum er hitaveituvatn selt og drukkið sér til heilsuþótar. Í hugum útlendinga er sundlaug með köldu vanti eða upphitun, hér á landi eru sundlaugarnar með náttúrulegu, steinefnaríku heitu vatni. Þess vegna eigum við að nota þessa sérstöðu okkur til framdráttar.

Það er hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna að viðhalda óspilltri náttúru og varðveita. Skylda Íslendinga er verndun náttúru og umhverfis. Flokkurinn leggur til að hafin verði stórsókn til áframhaldandi uppbyggingar í ferðaþjónustu. Lögð verður höfuðáhersla á að styðja við frumkvæði heimamanna á hverjum stað til þess að treysta grunnstöðirnar. Ferðaþjónustan ætti að vera byggð upp með sjálfbærum hætti. **Sjá nánar á xg.is**

Af vettvangi stjórnmalanna; Orðið „Hjálparstarf“ hefur fengið nýja merkingu.

Kratar gera vel við sig og sína: Enn einn kratinn fær bitling

Kratar eru alltaf fyrstir til að hneykslast og fitja upp á nefið ef þeir telja að pólitískir andstæðingar vísir

HJÁLPARSTARF

Ráðinn til Malaví

Guðmundur Rúnar Árnason, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði og fyrrverandi bæjarstjóri þar, hefur verið ráðinn verkefnastjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Hann mun starfa í Malaví þar sem unnið er með háraðsþjórn Mangochi-héraðs.

séu að hygla sínum pólitískum samherjum. En þegar þeir eru upp að því sama þá gilda önnur lög. Nú hefur einum krata verið skipt út fyrir annan í vel launuðu starfi á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og þykir ekki merkilegt. Skemmst er að minnast eiginmanns Ingibjargar Sólrúnar sem keyrði um Ísland með Hua Nubo á bíl frá utanríkisráðuneytinu „gratis“. Þegar fundið var að því urðu kratar ákaflega sárir og töldu allt tal um spillingu út í hött. Nú þegar Guðmundur Rúnar Árnason tekur við vel launuðu starfi af kratanum Stefáni Jóni Hafstein er það allt mjög eðlilegt í hugum íslenskra krata.

Þetta er eiginlega spurning hvernig skilja ber orðið „Hjálparstarf“?

Er þetta hjálparstarf til handa atvinnulausum KRÖTUM?

Haust fagnaður XG

Vel heppnaður haustfagnaður Hægri grænna 19. okt.



Fríður hópur ungs fólks úr Hí



Ólafur Ísleifsson hélt mjög áhuaverða ræðu um hversu ósangjörn verðtrygging er þjóðinni.



„Flugvöllinn í Reykjavík“ sagði þessi flugmaður.



Unga fólkíð fyllti sali VG þegar leið á daginn



Ólafur Arnars ræddi við gesti og kynnti sér stefnumál XG, en hann er rekur vefmiðilinn timarim.is



Þeir ræddu málin, traustir stuðningsmenn XG.